

Finum fjöldann

Aldur barna	2-3 ára	3-4 ára	4-5 ára	5-6 ára
Námssvið	Læsi og samskipti	Heilbrigði og vellíðan	Sjálfbærni og vísindi	Sköpun og menning
Aðstæður	Umhverfi Hvaða umhverfi sem er, svo fremi efniviður sé til staðar.		Árstíð Hvaða árstíð sem er.	

Lýsing á verkefni

- Börnin vinna í pörum.
- Kennarinn segir hverju pari af börnum hvaða fjölda þau eiga að safna. Gott getur verið að afhenda þeim spjald með samsvarandi tölustaf á.
- Börnin velja hvað hluti þau koma með á dúkinn, en allir þurfa að vera eins og fjöldinn réttur miðað við fyrirmæli kennarans. Hægt er að biðja börnin um að koma með eitthvað sem er það smátt að rúmist fyrir í lófa þeirra.
- Hlutirnir eru lagðir á dúkinn hjá samsvarandi tölustaf og þegar allir hafa komið til baka er gott að fara yfir tölustafina, fjöldann (telja hlutina við hvern tölustaf) og ræða hvað það er.

Gögn

Talnadúkur (sjá mynd, hér var efnið í dúkinn reyndar helst til lítið...)

